



Reykjavík, 28. febrúar 2018

R15100028

6206

Borgarráð

***Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og Festu um stuðning við loftslagsaðgerðir fyrirtækja***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagðan samstarfssamning Reykjavíkurborgar við Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, um stuðning við loftslagsaðgerðir fyrirtækja næstu 4 árin (2018-2022).

Samstarfssamningurinn felur í sér staðfestingu á þátttöku beggja aðila í kynningu til nýrra fyrirtækja, fræðslustarfi til þátttakenda og mati á árangri loftslagsyfirlýsingarinnar. Með þessum samstarfssamningi er verið að festa í sessi það samstarf sem hófst við undirritun loftslagsyfirlýsingarinnar í Höfða þann 16. nóvember 2015.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og Festu um stuðning við loftslagsaðgerðir fyrirtækja, ódags.



# Samstarfssamningur

## um stuðning við loftslagsaðgerðir fyrirtækja

Reykjavíkurborg og Festa – miðstöð um samfélagsábyrgð gera með sér samkomulag um sameiginlegan stuðning við þátttakendur í loftslagsyfirlýsingu Reykjavíkurborgar og Festu næstu 4 árin (2018 – 2022).

Samstarfið felst í þátttöku beggja aðila í kynningu til nýrra fyrirtækja, fræðslustarfi til þátttakenda og mati á árangri loftslagsyfirlýsingarinnar.

1. Kynning til nýrra aðila. Í september hvert ár verði sendur út markpóstur til fyrirtækja og þau hvött til að skrifa undir loftslagsyfirlýsinguna. Festa og Reykjavíkurborg greina markhópinn í sameiningu og semja skilaboðin. Markpósturinn verði sendur að lágmarki rafrænt frá Festu.
2. Þátttaka í fræðslustarfi. Gert er ráð fyrir að fulltrúi Festu beri ábyrgð á samskiptum og upplýsingagjöf um fræðslustarfið. Fulltrúar Reykjavíkurborgar taki virkan þátt í undirbúningi og miðlun fræðslu. Gert er ráð fyrir a.m.k. 2 fræðsluviðburðum á hverju ári auk 2 málþinga /ráðstefna. Annað þessara málþinga fari fram á árlegum loftslagsfundi Reykjavíkurborgar og þá verði nýjum aðilum boðið að skrifa undir loftslagsyfirlýsinguna. Þátttökugjöld munu standa undir kostnaði vegna fræðslustarfs.
3. Mat á árangri. Reglulega verði kannað hvaða fyrirtæki hafa birt loftslagsmarkmið sín og hver árangur þeirra er. Reykjavíkurborg og Festa munu skipta með sér að jöfnu þeim kostnaði sem fellur til vegna rannsókna.

Samkomulagið er uppsegjanlegt af beggja hálfu með 6 mánaða fyrirvara.

Reykjavík \_\_\_\_\_ 2018

---

Ketill B. Magnússon, framkvæmdastjóri, f.h. Festu

---

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri, f.h. Reykjavíkurborgar